

Með samþykki á skilmála þessum veitir þú Arion banka hf. fullt umboð til þess að kalla eftir upplýsingum úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra fyrir síðustu 5 mánuði, ef við á. Þegar óskað hefur verið eftir að Arion banki framkvæmi greiðslumat er bankanum heimilt að kalla eftir upplýsingum úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra fyrir síðastliðna 12 mánuði.* Að auki er bankanum heimilt að sækja skattframtal og álagningarseðil fyrir síðastliðið ár, ef við á.* Staðgreiðsluskrá RSK veitir upplýsingar um tekjur og mun Arion banki nýta framangreindar upplýsingarnar til þess að meta greiðslugetu þína. Arion banki ábyrgist að öll notkun og meðferð upplýsinganna sé í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Arion banki mun nýta fyrrgreindar upplýsingar til þess að bjóða þér kjör í bankaviðskipti, ákveða heimild á kreditkortinu þínu eða framkvæma greiðslumat þegar óskað hefur verið eftir slíku. Arion banki ábyrgist að öll notkun og meðferð upplýsinganna sé í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með samþykki á skilmála þessum veitir þú einnig Arion banka, fullt umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.**, ef við á og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar þínar, s.s. fjárhæð og tegund skuldbindinga, lánveitanda og hvort fjárskuldbindingar séu í skilum/vanskilum.

Með samþykki á skilmála þessum veitir þú Arion banka enn fremur heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat** þitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Þá veitir umboðið Arion banka heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu þína, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, ef við á, sem miðlað er af Creditinfo Lánstraust hf., og sóttar í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. nr. 77/2000.

Með rafrænni lánsúmsókn hjá Arion banka samþykkir umsækjandi með samþykki á skilmála þessum birtingu eftirfarandi upplýsinga í rafræna úmsóknarferlinu, enda sé slík birting nauðsynleg fyrir afgreiðslu lánsúmsóknarinnar: Upplýsingar um innlánsreikninga umsækjanda hjá bankanum og upplýsingar um útistandandi kröfur umsækjanda. Upplýsingarnar verða birtar í úmsóknarferlinu þar sem umsækjandi getur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og ef við á, greitt inn á kröfur sínar. Þá er birting upplýsinga um innlánsreikninga nýttar fyrir Arion banka til að greiða umbeðna lánsfjárhæð til umsækjanda, ef svo ber undir.

Með samþykki á skilmála þessum felst heimild til þess að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, framkvæmd greiðslumats, hafi verið óskað eftir slíku, sem og við eftirlit í tengslum við lánaviðskipti enda hafi Arion banki hf. lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi 30 dögum eftir að Arion banki hf. hefur sannanlega mótttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Arion banki hf. heimild til að sækja og nota upplýsingar frá Creditinfo Lánstrausts hf. sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

*Við framkvæmd greiðslumats sækir Arion banki almennt launaupplýsingar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra fyrir undangengna 5 mánuði en í einstökum tilvikum þarf bankinn að hafa heimild til þess að kalla eftir upplýsingum fyrir undangengna 12 mánuði.

**Nánari upplýsingar um Skuldastöðukerfi og lánshæfismat Creditinfo Lánstrausts hf. ásamt notkunareglum, má finna á creditinfo.is